

69. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs að Hamraborg 1, mánudaginn 17. janúar 2011, kl. 16:30

Mættir voru Pétur Hrafn Sigurðsson, Helga Margrét Reinhardsdóttir, Sveinbjörn Svanberg, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Gunnar Marel Hinriksson fundarritari.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Kópavogs
 2. Starfsmannamál Héraðsskjalasafns Kópavogs
 3. Stefnumótunarvinna um skjalavörslu í Kópavogsbæ
 4. Athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um Þjóðskjalasafn Íslands
 5. Önnur mál
-
1. Lagðar voru fram glefsur úr fundargerðum bæjarráðs 2. og 23. desember 2010 og 6. janúar 2010). Starfshópur um húsnæðismálin tekur brátt til starfa en tafist hefur að kalla hann saman vegna vinnu við fjárhagsáætlun.
 2. Héraðsskjalavörður gerði grein fyrir atvinnumálum skjalasafnsins, einn starfsmaður hefur verið ráðinn skv. samningi Kópavogsbæjar við Vinnumálastofnun til hálfis árs til skjalaskráningarverkefna. Gunnar Marel Hinriksson verður áfram í hálfu starfi.
 3. Stefnumótunarvinna um skjalavörslu í Kópavogsbæ. Byrjað verður á menningardeild bæjarins. Hafin er vinnsla leiðbeininga og fræðsluefnis í Héraðsskjalasafninu. Áætlað er að á næsta forstöðumannafundi á menningarsviði bæjarins (eftir um hálfan mánuð) verði verkefnið kynnt og í framhaldinu gerðar úttektir á skjalavörslu þeirra hverri fyrir sig í samráði við forstöðumenn. Á grundvelli úttektanna verða unnar skjalavistunaráætlanir í samvinnu við forstöðumann á hverjum stað og haldin námskeið fyrir starfsmenn stofnananna. Í framhaldinu fer sama vinna í gang fyrir aðrar stofnanir bæjarins. Rætt var um skjalavörslu málefna fatlaðra, en sá málaflokkur var færður til sveitarfélaganna um nýliðin áramót.
 4. Athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um Þjóðskjalasafn Íslands. Lagðar fram til kynningar athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um Þjóðskjalasafn Íslands frá nefnd á vegum Menningar- og menntamálaráðuneytisins 6. desember 2010. Þær eru:
 - a. Frá öllum héraðsskjalavörðum landsins
 - b. Frá héraðsskjalavörðum Kópavogs og Árnesinga
 - c. Frá borgarskjalaverði
 - d. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
 5. Önnur mál. Rætt var um öskjulager safnsins og Safnanótt sem verður 11. febrúar. Héraðsskjalasafnið verður með ljósmyndasýningu og opið hús. Rætt var um skjöl ípróttafélaga, skráningu og frágangi skjalasafna GKG og Breiðabliks er að ljúka, tala þarf við önnur ípróttafélög í Kópavogi um skjöl þeirra.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:35.

Pétur Hrafn Sigurðsson (sign.)

Helga Margrét Reinhardsdóttir (sign.)

Sveinbjörn Strandberg (sign.)